

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss 30. júní 2022 í umboði bæjarstjórnar, breytingu á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar. Heildarfjöldi lóða í jarðhitagarði var 46 en verður 14 við breytinguna. Borteigur vestan tengivirkis og austan lóða við Bolavelli stækkar úr 2,8 ha í 4,3 ha þar sem lóðir næst borteignum falla út úr skipulaginu.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 19. desember 2022.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2023